

BÆJAR-
HÚSS- | SKÝRSLA NR. 84

TEKIN VIÐ FÓLKSTALIÐ Á ÍSLANDI 1. NÓVEMBER 1901.

BÆRINN | *Heimasteygi* | SÓKN | *Garðasókn*
HÚSIÐ | | KAUPSTAÐUR |

SÝSLA *Berganfgarðarsýsla* AMT *Súduramt*

REGLUR.

1. Þetta skýrsluform eiga þeir, sem verða skipaðir teljarar að fylla út eða láta fylla út 1. nóvember 1901. Í skýrsluna eru rituð þau heimili og það fólk, sem er á bænum eða í húsinu. Hús með viðbyggingum og útihúsum er skoðað sem eitt hús og fólks-talan í hverju húsi eða á hverjum bæ á að vera rituð á eyðublað sjer. Sje fleirbylí á bænum eða í húsinu á að rita öll heimilin á sama eyðublaðið. — Sje það bær, sem talið er á, er strikað út „Húss-“ og „Húsið“, sje talið í húsi er strikað út „Bæjar-“ og „Bærinn“ í fyrir-sögunum. Sama er gjört í fyrirsögninni fyrir aðalskýrslunni.

2. Sjeu mörg heimili í sama húsi eða á sama bæ, fær hvert þeirra sitt númer í skýrslunni (1., 2., 3., o. s. frv.). Til sama heimilisins eru þeir taldir, sem leigja þar húsnaði, en kaupa mat þar eða annarstaðar. Aptur á móti ber að telja þá sjerstakt heimili, sem búa einir og hafa mat hjá sjálfum sjer, og setja sjerstakan tölulið fyrir framan nafn þeirra í skýrslunni.

3. Sjerhver maður er talinn á þeim stað (bæ, húsi, sjóbúð eða skipi o. s. frv.), þar sem hann lagðist til svefns nóttina milli 31. október og 1. nóvember 1901, án tillits til þess, hvar hann á heima. Mennt sem þessa nótt hafa ekki sofð í neinu byggðu húsi eða á byggðu bóli, þeir sem hafa verið á ferð alla nóttina o. s. frv. eru tilgreindir í skýrslu þess heimilis, þess gistiúss o. s. frv., þar sem þeir koma fyrst þann 1. nóvember.

Fyrir framan nafn aðkomandi manna er sett St. í skýrsluna (sbr. dálkana 1. og 18.).

Þá sem eru fjarverandi um stundarsakir, þ. e. a. s. menn af heimilinu, eða þeir, sem leigja þar húsnaði, en hafa verið burtu nóttina milli 31. október og 1. nóvember, ber að setja í aukaskýrsluna á öptustu síðu þessa eyðublaðs.

4. Dálkana í skýrslunni ber að fylla út eptir fyrirsögninni fyrir ofan þá. — Í dálkinum fyrir atvinnu (11.) verður að tilgreina stöðu eða starf hvers einstaks manns o. fl. Það á að sjást greinilega, bæði hver atvinnugreinin er og staðan í henni; t. d. þilskipa-útgerðarmaður, (báta) útvegsbóndi, formaður á bát, sjóróðramaður, trjesmiðameistari, trjesmiða-sveinn (sem ekki vinnur á verkstofu annars manns), daglaunamaður við grjótvinnu, ekki ein-göngu daglaunamaður, gjöri maðurinn eitt verk öðru fremur, o. s. frv.

Að öðru leyti verður að vísa til yfirskriftarinnar yfir dálkinum með þá sem lifa aðallega á efnunum sínum, af styrk og því um líkt; sömuleiðis með þá, sem áður hafa rekið at-vinnu og þess háttar, að tilgreina skal þá stöðu, sem þeir voru í, en setja „fyrir“ fyrir framan og það sem þeir lifa af nú jafnframt. Sömuleiðis ber að gefa skýrslu um hjú (sjá ennfremur 12. dálk).

5. Fyrir hvert hús eða bæ ber að fylla út og undirskrifa yfirlits-skýrsluna um samtölu þeirra, sem þar eru.

Athugasemd. Fyrir opinberar stofnanir (sjúkrahús, fangelsi, skóla, sem nemendur jafnframt eiga heima í o. s. frv.) og gistiúss er aðalskýrslan fyllt út á sama hátt sem í húsum einstakra manna. Heimili forstöðumannsins eða tilsjónarmannsins er tilgreint með sjerstökum tölulið (sjá dálkinn 1.).

Í fyrirsögnunum fyrir dálkunum (1.—18.) og í reglunum hjer að ofan er vanalegast haft karlkyn í lesmálinu, þótt bæði sje átt við karlkyn og kvennkyn.

5 10

Fylgiskjal I

við

Fólkstalið 1. nóvember 1901.

Teljaraskrá Nr. 8.....

Teljari: *Juan Helgason*

Hinn 1. nóvember 1901 skal fólkstal fram fara á öllum bæjum, húsum o. s. frv., sem tilfærð eru á skrá þessari, þannig að **útfyllt sje bæjar- eða hússkýrsla sú fyrir hvern bæ, hús o. s. frv., er skránni fylgir, samkvæmt reglum þeim, er á skýrslunni standa**, og er til leiðbeiningar eintak það af prentaðri fyrirmynd fyrir útfylltri bæjar- eða hússkýrslu, er fylgir teljaraskránni. Teljarinn lætur hvern bæ, hús o. s. frv., þar sem hann á að annast fólkstalið, fá eina bæjar- eða hússkýrslu og sjer um að þær verði allar útfylltar hinn greinda dag **svo nákvæmlega og ítarlega sem auðið er**, þar eð það er mjög áriðandi að fá áreiðanlegar upplýsingar ekki einungis um fólksfjöldann, heldur einnig um allt það, sem spurt er um í dálkum skýrslunnar. Þegar talinu er lokið greindan dag, safnar teljarinn saman öllum bæjar- eða hússkýrslum, er þannig hafa verið útfylltar, og **útfyllir eptir þeim 3., 4. og 5. dálk á teljaraskrá þessari**, er hann síðan undirritar og færir sjálfur sóknarprestinum (bæjarstjórninni) ásamt öllum bæjar- eða hússkýrslunum í síðasta lagi 4. nóvember.